



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 27. mars 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 13:00 á annarri hæð að Túnbraut 1-3.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Halldór óskaði eftir því að breyting yrði gerð á auglýstri dagskrá og að liður 4. c) yrði felldur niður þar sem tilgreind fundargerð Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur áður komið til afgreiðslu sveitarstjórnar. Var breyting á dagskrá samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

Dagskrá:

1. Auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI.

bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Þann 17. mars sl. samþykkti Alþingi breytingar á sveitarstjórnarlögum sem miða að því að tryggja sveitarstjórnnum ákveðið svigrúm til þess að bregðast við neyðarástandi og tryggja starfhæfi sveitarstjórna á landinu. Um er að ræða tímabundna heimild vegna aðstæðna sem hafa skapast vegna Covid-19 veirunnar.

Á grundvelli framangreindrar auglýsingar og lagabreytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 var eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn:

- a. Að til þess að tryggja starfhæfi sitt og auðvelda ákvarðanatöku geti sveitarstjórn notað fjarfundabúnað á fundum sveitarstjórnar og fastanefnda Sveitarfélagsins Skagastrandar án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

- b. Að engin takmörk séu á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins í fjarfundabúnaði.
- c. Að ritun og staðfesting fundargerða fari fram með öðrum hætti en mælt er fyrir um í leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins, um ritun fundargerða, nr. 22/2013. Ritun fundargerða þeirra funda sem haldnir verði með notkun fjarfundabúnaðs verði með þeim hætti að fundargerð sé lesin upp í lok fundar og staðfest af sveitarstjórnarfulltrúum með tölvupósti í kjölfarið. Á næsta fundi sveitarstjórnar sem ekki er fjarfundur skulu sveitarstjórnarfulltrúar undirrita fundargerðir eins og mælt er fyrir um í 10. og 11. gr. umræddra leiðbeininga innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða.

Sveitarstjórn samþykkti framangreint með 5 samhljóða atkvæðum.

2. Heimild til fullnaðarafgreiðslu og breytinga á innheimtu gjalda

Fyrir fundinum lágu tvö erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 19. og 23. mars sl. er varða leiðbeiningar um ákvarðanir varðandi veitingu afsláttar af greiðsluhlutdeild notenda velferðarþjónustu sveitarfélaga og aðgerðir til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í tengslum við áhrif Covid-19 faraldurins á samfélagið. Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn:

- a. Heimilt er að veita frestun á gjalddögum fasteignagjalda vegna 2020 til þeirra sem þess óska. Þeir gjalddagar sem um ræðir eru 1. apríl-1. júlí. Er miðað við að frestun hvers gjalddaga geti að hámarki verið 5 mánuðir. Skal beiðni um gjaldfrest send á sveitarstjóra með tölvupósti á netfangið sveitarstjori@skagastrond.is. Þeir sem sjá sér ekki fært að senda tölvupóst geta haft samband við skrifstofu í síma 455-2700.
- b. Vegna þeirra raskana sem orðið hafa á þjónustu stofnana sveitarfélagsins mun greiðsluhlutdeild einungis ná til þeirrar þjónustu sem raunverulega er nýtt af íbúum. Skal innheimta þjónustu endurskoðuð í því ljósi og miðast frá þeim tíma



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

er Covid-19 leiddi til skerðingar á þjónustu. Er um tímabundna ákvörðun að ræða sem gildir þar til annað hefur verið ákveðið af sveitarstjórn.

- c. Í ljósi þess að íþróttahús og sundlaug verða lokað um óákveðinn tíma í ljósi samkomubanns mun tímalengd áskrifta að aðgangskortum sem eru í gildi framlengjast sem tíma lokunar nemur.

Samþykkt var með 5 samhljóða atkvæðum að fela sveitarstjóra fullnaðarafgreiðsla í ofangreindum málum.

3. Bréf

a. Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands dags. 16.03.2020

Fyrir fundinum lá erindi Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands þar sem auglýst er eftir umsóknum í styrktarsjóð EBÍ. Eru styrkirnir veittir til sérstakra framfaraverkefna á vegum sveitarfélaganna. Var sveitarstjóra falið að senda inn umsókn.

4. Fundargerðir

- a. Siglingaráðs dags. 6. febrúar 2020

Fundargerð var til kynningar

- b. Hafnasambands Íslands dags. 20. mars 2020

Fundargerð var til kynningar

- c. Sameiningarnefndar Austur-Húnavatnssýslu dags. 19. mars 2020

Fundargerð var til kynningar



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

5. Önnur mál

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir undir þessum lið og var fundi slitið kl. 13:45.




Halldór G. Ólafsson



Róbert Kristjánsson



Kristín Björk Leifsdóttir



Péturína L. Jakobsdóttir



Guðmundur Egill Erlendsson



Alexandra Jóhannesdóttir